

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Skútustaðahreppi.

*Deiliskipulag verslunar- og þjónustusvæðis í landi Arnarvatns í Mývatnssveit.*

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti á fundi sínum þann 10. janúar 2013 deiliskipulag verslunar- og þjónustusvæðis í landi Arnarvatns í Mývatnssveit. Lóðin er skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði 365-V í aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023.

Deiliskipulagið nær til 7 ha lóðar fyrir verslun og þjónustu í landi Arnarvatns þar sem gert er ráð fyrir að reisa 80 herbergja hótél á allt að tveimur hæðum. Byggingarmagn verður um 7.000 m<sup>2</sup>, hámarkshæð 7 m og hámarksnýtingarhlutfall lóðar 0,1.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

*Mývatnssveit, 3. júní 2013.*

**Bjarni Reykjalín**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 18. júní 2013